

„Að elska er að yrkja fegursta ljóð í víðri veröld.“ Þórbergur og ástin.

Halldóra Gunnarsdóttir

mann- og kynjafræðingur

Hvers vegna stend ég hér? Það er dálítið í anda Þórbergs að gera grein fyrir því..í raun er það algjör tilviljun eða kannski bilun. Ég veit ekkert meira um Þórberg en hver meðal Gunna. En ég á auðvitað það tromp upp í erminni að vita ALLT um ástina.

Mín rannsókn – Kynleg ást:

Í MA ritgerðinni minni sem ég er rétt nýlokinn við var viðfangsefnið ástin. Ritgerðin ber heitið *Kynleg ást. Viðtöl um ástina*. Heitið vísar til þess að ég leitast við að beita kynjafræðilegu sjónarhorni á viðfangsefnið en líka til þess að ástin er kynlegur kvistur. Mig langaði til að greina hvernig fólk lýsti ástinni og úr hvaða þáttum hún væri samsett af þeirra áliti. Til að fá svör við þessari spurningu tók ég viðtöl við átta Íslendinga¹ og greindi þau. Í greiningu viðtalanna skoðaði ég hvaða þemu eru ríkjandi í lýsingum viðmælenda á ástinni. Ég skoðaði hvort það væri munur á því hvernig og með hvaða hætti kynin tjá sig um hana, gera þau ólíkar kröfur í ástarsamböndum og telja þau að það sé munur á því hvernig konur og karlar elska? Jafnframt skoðaði ég hvort orðræðan um ástina væri kynjuð. Líta viðmælendur svo á að tilfinningar, eins og ást, séu frekar á könnu kvenna en karla. Ég lagði áherslu á að ræða við bæði konur og karla, það væri dreifing í aldri og að viðmælendur væru bæði sam- og gagnkynhneigðir. Þessi athugun var einskorðuð við rómantíska eða kynferðislega ást til aðgreiningar frá annars konar ást svo sem eins og milli foreldra og barna og milli vina.

Það hafði lengi vakið eftirtekt mína hversu fáir fræðimenn hafa veitt ástinni athygli. Samt sem áður skipar ástin veigamikinn sess bæði í bókmenntum og ævisögum og margt samferðafólk mitt í lífinu telur að ástin skipti það afar miklu máli. Margir hafa fetað í fótspor Þórbergs í leit að hinni einu sönnu ást. Sjálf hef ég lengi verið áhugasöm um ástina því hún hefur haft mikil áhrif á líf mitt. Stundum hef ég tekið mikilvægar ákvarðanir í lífinu byggðar á ást til einhvers einstaklings og að láta ástina ráða för hefur bæði reynst mér vel og illa. Og Ástin virðist vera eilíf uppspretta vangaveltna og á meðan sumir ræða sín ástarævintýri og annarra, lesa ástarsögur, hlusta á söngva um ástina og horfa á bíómyndir þar sem ástin er í aðalhlutverki þá virðist ástin samt vera hálfgerð olnbogabarn í fræðaheimum. Hvers vegna er því þannig farið? Fræði sem fást við manneskjuna, skilning hennar á heiminum eiga einnig að fást við það sem hún álitur mikilvægt í lífi sínu.

¹ Aðeins voru tekið viðtöl við Íslendinga því mér fannst mikilvægt að tungumálið væri mér og viðmælendum jafn tamt.

Eftir að hafa unnið að rannsókn eða ritgerð í þessu umhverfi þá fannst mér óendanlega gaman að bregða mér yfir í bókmenntir þar sem ástin er alveg sjálfsagður hlutur og skipar oft heiðursseti. Samt er það þannig að Þórbergur virðist aldrei vera dæmigerður um neitt og lýsingar hans á ástinni og tilburðum er tengjast henni eru held ég ekki eitthvað sem finna má í íslenskum bókmenntum frá þessum tíma. Það þótti víst ekki við hæfi að tala um það að kukka eða skíta á prenti á hans tíma, eins og hann samt gerði, og það er eins og það sama gildi um ástina. Um rómantik gildir hins vegar eitthvað allt annað. Það má tala um rómantik enda er hún eitthvað fagurt og hreint. Rómantikin er andans en ekki holdsins. Rómantikin snýst yfirleitt um ást sem aldrei fær að njóta sín um elskendur sem ekki var skapað annað en að skilja. Ást sem blómstrar og leiðir til hamingjusams hjónabands er ekkert sérlega bitastæð – hún er ekki í frásögur færandi. Rauðu ástarsögurnar enda yfirleitt með þeim hætti að elskendur ná saman (nema þær hafi breyst síðan ég var að lesa þær) en það eru alls konar ljón í veginum. Auður Soffía Birgisdóttir skrifar í grein um Íslenskan aðal að hún fái ekki betur séð en að Þórbergur sé í verkinu að skopstæla ákveðna tegund frásagnar á mjög meðvitaðan hátt. Hann skopstæli hina rómantísku ástarsögu – söguna um elskendurna sem ekki var skapað nema að skilja. Hann nýtir sér því formið en skopast að því. Hann er álappalegur og dálítið misheppnaður en það er samt svo að elskendurnir ná ekki saman. Það er erfitt að hugsa sér Íslenskan aðal án framhjáögungunnar.

Ástin er öðru vísi en rómantikin. Hún er blanda af svo mörgu, hún virðist vera óeigingjörn en einnig eigingjörn, tilætlunarsöm en einnig örlát,og svo er hún einnig kynferðisleg og því blandast saman við þetta alls konar vessar (ég mundi segja svona 20%). Í ástinni nær fólk saman, því er ekki skapað að skilja. Það skilur hins vegar oft en það er annað mál.

Ég er út af þessu verkefni sem ég tók að mér í einhverju bríaríi búin að lesa Þórberg, ekki eins og bókmenntafræðingur mundi gera, heldur eins og ég mætti því sem hann skrifar og segir í viðtalsbók Matthíasar Johannessen út frá því sem viðmælendur mínir voru að segja um ástina. Það sem ég geri einfaldlega hér er að taka nokkur dæmi um það sem viðmælendur mínir segja og bera saman við það sem Þórbergur skrifar og segir um ástina. Það er auðvitað einn stór galli á þessum samanburði sem mér er ljós og það er tíminn. Þrátt fyrir að við lítum á ástina sem einstaklingsbundna upplifun, sem hún auðvitað er, þá er hún einnig hluti af því samfélagi sem við búum í. Ef við lítum á okkar samfélagsgerð þá eru ríkjandi ákveðnar hugmyndir um það hvernig konur og karlar eigi að vera og hugsa. Þessar hugmyndir birtast bæði í orðræðu og myndmáli og það er engin ástæða til að ætla að ástin sé þar stikkfrí – þó held ég að við höfum öll tilhneigingu til að halda að svo sé eða viljum að það sé þannig. Við erum kannski ekki að tala lengur um hina einu sönnu ást (því mörg okkar hafa upplifað það að elska oft en einu sinni og þrátt fyrir að vera alltaf jafn sannfærð um að þetta sé hin eina

sanna ást þá hefur það ekki alltaf reynst rétt). Að bera saman það sem viðmælendur mínir segja og það sem Þórbergur skrifar og segir hefur því þann galla að þetta fólk er ekki að tala inn í nákvæmlega sömu aðstæður. Það hefur líka þann annmarka að Þórbergur er skáld. Af þessu sögðu þá ætla ég að láta mér það í léttu rúmi liggja og láta vaða.

Ég held að Þórbergur hafi verið ástfanginn af ástinni. Það er ástin **sjálf** sem höfðar til hans. Hann skrifar í Bréfi til Láru "Þegar ég er ekki ástfanginn af konu, elska ég hund eða kött eða bara bjarmann, sem gluggarnir á næsta húsi varpa á þilið í herberginu mínu." (ÞÞ) (Bréf til Láru bls. 95).

Ég vil ekki gera lítið úr konunum sem hann elskar en þær virðast stundum meira svona eins og aukaleikarar í dramatísku leikriti þar sem Þórbergur leikur auðvitað aðalhlutverkið. Halldór Guðmundsson orðar það þannig í bókinni sinni Skáldalíf að Þórbergur hafi „allt eins verið upptekinn af þránni eftir ást og veruleika ástarinnar sjálfar.“ Þórbergur virðist framan af ekki hafa neinn vilja til að tengja ástina hversdeginum. Hann vill horfa á stjórnurnar með ástinni sinni en hann vill örugglega ekki þurfa að vinna húsverk eða sjá fyrir ástinni sinni. Halldór skrifar að svo virðist sem hann hafi alltaf hrifist af konum sem hann gat ekki fengið eins og Arndísi (1911), Finnlaugu (1917-1918) og Sólu (1918). Ég er ekki viss um að þetta sé alls kostar rétt. Hann bar sig aldrei eftir Arndísi (eftir því sem við best vitum), hann hefði kannski getað fengið Finnlaugu en kýs að horfa á eftir henni óséður á bryggjunni þegar hún siglir til Danmerkur að hitta þann sem hún var lofuð. Sólu gat hann kvænst en vildi hana greinilega ekki þegar á hólminn var komið.

Ég tel að Þórbergur hafi í raun ekki viljað festa ráð sitt þrátt fyrir að hann hafi gert það að lokum. Í þeirri afstöðu hans fléttast saman hugmyndir hans um hina sönnu ást viðhorf hans til hjónabandsins, og veraldlegar aðstæður hans.

Skoðum aðeins hvað Þórbergur segir um hina einu sönnu ást? Þessa tilvitnun er að finna í Ofvitnum:

Þessa nótt ætla ég að liggja vakandi og hugsa um hana, elskuna mína, fyrstu og síðustu stúlkuna á gervallri heimsbraut minni, sem hugsast getur, að ég elski þeirri einu sönnu ást. – Að elska er að yrkja fegursta ljóð í víðri veröld. (Þórbergur Þórðarson, 1940, bls. 233).

Þarna liggur Þórbergur í Bergshúsi og elskan hans er að sjálf sögðu Arndís en þau hittast fyrst í Bergshúsi 1911. Eins og Þórbergur lýsir ást sinni þá í upphafningunni þá er þetta ekki aðeins fyrsta stúlkan sem hann elskar heldur einnig sú síðasta. Hann elskar hana **hinni einu sönnu ást**. Því er ekki loku skotið fyrir að hann geti elskað aðrar konur eða kannski öllu heldur elskast með öðrum konum en það er ekki hin eina sanna ást. Það er eitthvað allt annað, holdleg ást eða bara alls engin ást. Þessi

eina sanna ást á Arndísi stoppar hann enda ekkert í því að fara á smá kvennafar uppi í Öskjuhlíð á gamlárskvöld 1911.

En ástinni fylgir áhætta. Hún gæti hafnað honum og þá er kannski bara betra að gera ekki neitt. Fyrir utan það að það þjónar sögunni.....

Viðmælendur mínir töluðu einmitt heilmikið um áhættuna sem fylgir ástinni. Helga sagði:

Því meiri ást, því dýpri sem ástin verður því meiri erfiðara verður allt þegar það gengur ekki vel, þeim mun meira þjáist maður.

Trausti nefndi einnig áhættuna sem fylgifyisk ástarinnar.

...um leið og maður opnar sig gagnvart einhverjum og sýnir ást þá er maður að taka áhættu.

Viðmælendur skynja ástina sem hættuspil því um leið og þeir opni sig gagnvart einhverjum öðrum einstaklingi þá verði þeir berskjaldaðir og auðsærðir. Að hleypra annarri manneskju að sér er í þeirra huga forsenda ástar eða hluti af henni. Um leið og ástin verður mjög sterk eða djúp þeim mun meiri verður missirinn ef ástvinurinn bregst eða eitthvað alvarlegt kemur upp á. Kannski kaus Þórbergur stundum að taka **ekki** þessa áhættu eins og með Arndísi. Hún gæti hafnað honum og þess vegna væri betra að gera ekki neitt og geta átt áfram, já allt til dauðadags, drauminn um það sem hefði getað orðið.

Í bréfi sem Þórbergur skrifar til Ágústu 1926 og er að finna í bókinni Mitt rómantíska æði (bls. 194) segir hann:

Stofan hennar Guðrúnar er yndislegasta íbúð á Norðurlöndum. Þar hefi ég lært að elska, án þess að vera elskaður. Það er hin fullkomnasta tegund ástar.

Slík ást gerir engar kröfur og hefur enga eftirmála. Það er hægt að hugsa um hana, leika sér að henni en án þess að brenna sig á henni, án þess að særast og án þess að einhver geri kröfu um hjónaband.

Viðmælendur mínir, eins og Þórbergur, virtust stöðugt leitast við að greina hina einu sönnu ást og hvernig hún væri....en tóku áhættuna. Það fólst í orðum þeirra að það væru til margar tegundir ástar og þær væru ekki allar jafn réttháar. Helga, einn viðmælenda minna, ræddi um þetta sem ást sem væri „þjúra“ eða hrein tilfinning, þegar ekkert annað truflaði, ekkert af þessum hversdagslegu hlutum. Kristín, annar viðmælendi, ræddi um að ástin, hin raunverulega ást, hlyti alltaf að vera mannbætandi. Trausti ræddi um að ástin væri kannski það sem sæti eftir þegar flugeldasýningin væri búin og „maður er órakaður og konan ógreidd og illt í maganum og svona“.

En hvað með hjónabandið..hvernig eiga ástin og hjónabandið saman?

Lítum aðeins á það sem Þórbergur segir um hjónabandið:

Í Bréfi til Láru má lesa þessa lýsingu.

„Menn giftast af því að þeir eru ekki sjálfum sér nógir. Í konunni sjá þeir andlega hressingu, andlegan spíritus, til þess að halda sál sinni vakandi á. En þeir eru sviknir. Vörumerkið er falsað. Innihaldið er vatn. Svefninn sigrar bæði. Hjónabandið er samábyrgð tveggja andlegra öreiga.“ (Bréf til Láru bls. 32).

Spíritus er meira spennandi en vatn. Ástin er meira æsandi en hjónabandið. Það hefði verið óhemju gaman að sjá hvaða ástæður konur hefðu fyrir að fara í hjónaband að áliti Þórbergs. Hann segir þó hjónabandið vera samábyrgð tveggja öreiga. Þannig að væntanlega eru báðir aðilar sviknir.

Í kompaníi við allífið þá spyr Matthías Johannessen Þórberg um hjónabandið. (Bls. 12)

„Þú varst á þeirri skoðun að menn ættu ekki að gifta sig.

Já.

Ertu enn á þeirri skoðun?

Já, það er ég. Menn giftast af andlegri fátækt. Ég lenti í því eins og aðrir, gifti mig af andlegri fátækt. Af því ég var ekki sjálfum mér nógur. Þetta er eins og að treysta sér ekki til að ganga staflaus um heiminn.

Og í sömu bók„Hugsaðu þér, sagði Þórbergur. Daginn áður en þú giftist, áttirðu vöð á öllu kvenfólki í heiminum. Daginn eftir áttirðu ekki vöð nema á þeirri einu. (Í Kompaníi við allífið bls. 54). Og Þórbergur talar einnig um hjónabandið sem tilbeiðslulausasta ásigkomulag í alheiminum (Í Kompaníi við allífið bls. 37).

Í bréfi til Sólrúnar frá 1922 (bls. 54) skrifar Þórbergur:

„Sárast tekur mig, ef eg hefi blandað þitt líf böli, elsku Sólrún mín. Úr því vildi eg bæta með öllu mögulegu móti. Og bót er það okkur báðum, að jafnvel ólánssamar ástir eru betri en þetta ástlausa hverdagslíf, sem lamar lífsgleðina og þurkar upp lindir sálarinnar. Ást er líf. Ástleysi er andlegur dauði. Tár eru betri en kalið hjarta.“

Bréfin eru allt annars konar en hinir textarnir...einlægni skín úr þeim en það er líka mjög athyglisvert að skoða þá þróun sem má lesa úr þeim í gegnum tíma. Ávarpið breytist úr þeim dúr að vera hjartans elskan mín yfir í að vera elskulega vina. Í einum bréfanna birtist afstaða Þórbergs til hverdagslífsins.

Ég gerði það til gamans að stilla upp ákveðnum hugtökum sem koma fram í umræðu Þórbergs um ástina annars vegar og hjónabandið hins vegar. Þetta tvennt myndar andstæður þar sem það fyrra er þrungið spennu en hið síðarnefnda er hversdagslegt og óspennandi.

Ástin	Hjónabandið
Ögrun/lífið	Andleg fátækt
Vakandi	Sofandi
Spíritus	Vatn
Spenna/óvissa (gengur það gengur það ekki?)	Öryggi - stafurinn
Leynd	Réttindi og skyldur
Tilfinningar	Peningamál
Allar konur/margbreytileiki	Ein kona/Leiðindi/einsleitni

Á endanum gifti Þórbergur sig en kannski lenti hann í ástarþvingunni eins og margir viðmælenda minna, þessari pressu að gifta sig eða festa ráð sitt með einum eða öðrum hætti.

En hvaða viðhorf hefur Þórbergur til kvenna

Helgi M. Sigurðsson bendir á í bók sinni Frumleg hreinskilni að Þórbergur hafi á þessum árum sem Arndís er elskan hans haft tilhneigingu til að skipta kvenfólki í tvo flokka, gyðjur og kynverur. Stúlkan í Öskjuhlíðinni tilheyrði seinni flokknum en Arndís þeim fyrri. „Hrifning hans á Arndísi kom fram í þögulli tilbeiðslu. Hún var ósnertanleg helgimynd. Í návist hennar lét hann á engum tilfinningum bera. „ (bls. 28).

Í Bréfi til Láru er mjög magnaður kafli um stúlkuna úr Flatey sem hann elskaði.

„Fyrir sex árum elskaði ég stúlku úr Flatey... Ég horfði á eftir henni. Hún var í grænni kápu, og þá grét ég. Næsta mánuð reikaði ég eirðarlaus um göturnar eins og óhamingjusamur eiginmaður. Þá tók önnur stúlka hug minn, enn þá yndislegri, og hin gleymdist von bráðar eins og vond samvizka, enda elskaði ég hana aldrei mjög mikið.“ (Bréf til Láru bls. 24).

Stuttu seinna birtist önnur kona í lífi Þórbergs.

„Og inn í herbergið kemur hávaxin stúlka, dökkhærð, hrokkinhærð, ívið kinnbeinahá, rjóð í andliti, fersk og sælleg, hvítar tennur, drifhvítar hendur, sindrandi eldsveipur í mynd hreinnar meyjar.“ (Ofvitinn bls. 215).

Kvensemi og ást fara ekki saman hjá Þórbergi. Kynlíf og eldsveipur í mynd hreinnar meyjar eiga ekki samleið. Í Ofvitanum skrifar hann: „Það var öll kvensemi hreinsuðu burt úr mér. Ég var ekkert annað en tær ást. Þetta var **áreiðanlega** sú sanna ást.“ (Ofv. 223).

Og eftir að hann hittir Arndísi þá vendir hann sínu kvæði í kross...„Ég afréð undir eins að hætta við að taka brúneygu stelpuna í dönskutíma. Ég var strax búinn að fá skömm á henni. Hún ætlaði bara að tæla mig til saurlífnaðar. Þegar maður elskar þeirri einu sönnu ást, fær maður skömm á öllum stúlkum öðrum en elskunni sinni. Þær verða bara stelpur, sem sitja um að fleka mann til saurlífnaðar.“ (Ofvitinn bl.s 225)

Annars vegar erum við með hina hreinu mey – og hins vegar stúlkurnar sem ætla að fleka Þórberg og tæla hann til saurlífnaðar. Sjálfur sveiflast hann þarna á milli. Gerir hitt undir leiði en elskar líka hinni sönnu tæru ást en sú ást fullkomnast ekki, hún er af rómantískum meiði, elskendurnir ná aldrei saman. Ást hans á Arndísi er óendurgoldin og þess vegna er hún líka hin eina hreina ást. Það er ekkert holdlegt sem óhreinkar hana.

Þegar þeir Matthías eru að ræða ást hans á Arndísi þá spyr Matthías hvort þetta hafi verið 100% andleg ást. Þórbergur svarar:

Jú, þetta var andleg ást, með ofurlitlum hristingi af holdlegum tilhneigingum út í. Við skulum segja eins og 5%.

-Og hvernig lýstu þessi 5% sér?

-Að hann harðanaði á næturnar, hékk niður, þegar ég sat fyrir framan hana við borðið. (Í kompaní við allífið, bls. 99).

Mannfræðingar, m.a. (Sherry B. Ortner (1998,)) hafa fært fyrir því rök að í vestrænni menningu sé litið svo á að konur standi nær náttúrunni en karlar menningunni. Ýmislegt bendir til þess að tilfinningar í okkar menningu teljist meira tengdar náttúrunni en rökhyggja tengist meira menningunni. Það er til dæmis algengt að nota lýsingar tengdar náttúrunni þegar tilfinningum er lýst; við springum, gjósum, svífum og brennum. Við verðum fangin af ástinni eða ástfangin sem vísar til þess að við höfum ekki stjórn á tilfinningum okkar. Lýsingarnar eru á þann veg að allri rökhusun sleppi og hegðuninni megi líkja við náttúruhamfarir sem ekki er hægt að hemja eða stjórna. Þannig virðist umræða um ástina vera á því sviði sem við tengjum því kvenlega sem túlkað er sem andstæða þess röklega eða því sem er karlmannlegt. Þórbergur brýtur þetta að sjálfstöðu upp. Hann fer inn á svið þess kvenlega. Ástarlýsingar hans eru hamfaralýsingar og það er iðulega engin rökhyggja í þeim því hann sveiflast á milli þess að gráta einhverja konu og þess að þola hana ekki. Rökhyggja var ekki það fyrsta sem kom upp í hugann þegar ég las ástarlýsingar Þórbergs. Ég fór meira að hugsa um að hann bryti allar „reglurnar“, hann er ekki hinn sterki karlmaður sem veit hvað hann vill og stefnir að því óhikað. En það er líka vert að hafa í huga þá tíma sem hann lifði þegar karlmenn voru eina fyrirvinnan og Þórbergur var lengst af ekki í stakk búinn til þess að sjá fyrir fjölskyldu. Hann átti nóg með sig og hversdagslegir hlutir virðast ekki hafa átt við hann.

Ástin er líka í dag brjálæðislegt ástand..ein viðmælenda minna lýsti henni svona:

Þessi fyrsti tími sem maður verður ástfanginn og þessar tvær manneskjur verða ástfangnar að það er eitthvað ástand sem maður er í sem er hálf brjálæðislegt ástand. Sko ég fór heim úr vinnunni um miðjan dag til þess að geta hlustað á hérna ákveðið lag í græjunum hjá mér heima og ég var bara á rauðu skýi og það var ekki hægt að lýsa því. Og maður heldur að ekkert geti sigrað mann, ósigrandi. Og sambandið er ósigrandi og ekkert sem getur komið uppá, en svo fjarar þetta út, sem betur fer.

Ég held að Þórbergur hafi saknað brjálæðisins, spennunnar og jafnvel leyndarinnar.

Í lok bókarinnar í kompaníi við allífið segir Þórbergur (bls. 252).

„Ég er þegar orðinn hálfleiður á þessari á haus standandi tilveru. Þó er líka einhver skrattinn í mér, sem langar til að eiga þá heima í Bergshúsi og vera að horfa á Sírius upp um þakgluggann við vangann á...“

Takk fyrir....